

þörf krefur, en að öðru leyti starfar hann undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við eftirlit með hundahaldi í sveitarfélaginu.

4. gr.

Hundar frá öðrum sveitarfélögum sem ekki eru í fylgd með eigendum eða umráðamanni og eru ómerktir, svo og aðrir ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa hefur lögregla, í samráði við dýralækni, heimild til þess að lóga viðkomandi hundi að þeim tíma liðnum.

Merktir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi hunds vitjar hans eigi innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögregla, í samráði við dýralækni, heimild til að lóga hundinum að þeim tíma liðnum.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga í samráði við dýralækni.

Lögregla og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna sveitarstjórn um kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

5. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Rangárvallahrepps staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 17. janúar 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

á deiliskipulagi fyrir frítímabyggð og þjónustuhús að Hörgslandi 1 í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps, þann 6. desember 2000, samþykkt deiliskipulag fyrir 13 frítímahús, ásamt þjónustuhúsi og tjaldstæði að Hörgslandi 1 í Skaftárhreppi með smávægilegri breytingu á afleggjara sem samþykkt var þann 9. janúar 2001.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 14. janúar 2002.

F.h. Skaftárhrepps,

Benedikt Lárusson.